



## Algyðistrú eða fjölgyðistrú

Hindúatrú er svokölluð algyðistrú en það merkir að hindúar trú á eina alheimssál eða ópersónulegan kraft sem gegnsýrir allt og alla. Þessi alheimssál er kölluð brahman. Hindúar trú á hinsvegar líka á fjölda guðlegra vera sem þeir kalla *devas*. Orðið *devas* merkir *hinir skínandi* og vísar til þess að guðirnir búi á hinum bjarta og skínandi himni. Þessar guðlegu verur eða guðir eru sagðir vera mismunandi birtingarmyndir af alheimssálinni, brahman. Hindúatrú er því sérstök blanda af algyðistrú og fjölgyðistrú sem kemur til vegna þess að í honum hafa runnið saman mismunandi fornar hefðir og hugmyndir.



**Birtingarmynd** er ein ákveðin mynd einhvers sem getur haft mismunandi hliðar eða útlit.

**Fjölgyðistrú** er átrúnaður þar sem trúað er á marga guði sem hafa yfirleitt sérstök hlutverk og krafta s.s. ástarguðir, sjávarguðir og veðurguðir.

**Hin hindúíska þrenning** samanstendur af þremur aðalguðum hindúa sem eru ábyrgir fyrir sköpun, viðhaldi, eyðingu og endursköpun heimsins, það eru þeir Brahma, Vishnu og Shiva.

Þrjú guðir hindúatrúar þykja sérstaklega mikilvægir og oft er talað um þá sem hina hindúísku þrenningu. Þessir þrjú aðalguðir eru ábyrgir fyrir sköpun, viðhaldi og eyðingu heimsins. Þetta eru guðirnir:

- Brahma sem er skaparinn
- Vishnu sem viðheldur
- Shiva sem eyðir og endurbyggir

Hver guð hefur svo fylgikonu eða kvenlega hlið en gyðjudýrkun er mjög mikilvægur hluti hindúatrúar.

- Kona Brahma er Saraswati, gyðja þekkingar og lista
- Kona Vishnu er Lakshmi, gyðja auðs og velgengni
- Kona Shiva er Parvati, móðurgyðjan

Margir af minni gyðjum og guðum eru álitnir aðrar birtingarmyndir þessara yfirguða.

### Spurningar

1. Hver er munurinn á algyðistrú og fjölgyðistrú?
2. Hverjir eru hinir skínandi?
3. Hvað er hin hindúíska þrenning?
4. Búðu til þína eigin guðlega veru og teiknaðu mynd af henni. Gefðu henni nafn og segðu frá eiginleikum hennar. Ef hún væri ein af guðlegum verum hindúa, hvaða aðalguði er líklegt að hún tengdist? Hvers vegna?